

Múlaping
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstöðum

Egilsstaðir
10.11.2023

Efni: Djúpvogur, Borgarland 27-29 og 50-54

RARIK gerir þá athugasemd við þessa tillögu að nú eru að hefjast framkvæmdir við gatnagerð í Borgarlandi samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Tillaga að nýju deiliskipulagi er auglýst sem óveruleg breyting frá gildandi deiliskipulagi, fyrir RARIK er þetta veruleg breyting.

Inni á svæðinu er RARIK með jarðstrengi sem þegar er búið að flytja einu sinni þannig að lega þeirra sé í takt við gildandi deiliskipulagi, með þessari breytingu þarf aftur að færa strengi þannig að þeir séu ekki innan skipulagðra lóða.

Ef farið verður í leggja götur og lagnir samkvæmt gildandi deiliskipulagi þá verður að fara í umtalsverðar breytingar á lögnum RARIK ef fyrirbyggjandi tillaga verður samþykkt.

Sérstaklega er bent á að við breytingar á skipulagi þá ber sveitarfélagið kostnað af því að breyta lögnum sem hafa verið lagðar samkvæmt gildandi skipulagi.

Til að lágmarka endurtekið jarðrask og kostnað þá telur RARIK æskilegt að biða með framkvæmdir við lagningu gatna og veitukerfa þar til fyrirbyggjandi tillaga hefur verið hlotið endanlega afgreiðslu.

Virðingarfyllt

Örvar Ármannsson

Deildarstjóri Netrekstur Austurlandi.